



Tímabundið samkomulag vegna tímavinnumanna sem ganga vaktir á vaktavinnustöðum

Akureyrarbær kt. 410169 6229 og Eining-löjla kt. 570599-2599 gera hér með með sér svohljóðandi tímabundið samkomulag vegna matar- og kaffitíma félagsmanna í Einingu-löjlu sem kallaðir eru til starfa í tímavinnu á vaktir á vaktavinnustöðum hjá Akureyrarbæ.

Frá 1. júní 2015 þar til nýr kjarasamningur sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Starfsgreinasambands Íslands (SGS) tekur gildi árið 2019. Þangað til gildir eftirfarandi framkvæmd um greiðslur vegna matar- kaffitíma vaktavinnufólks í tímavinnu:

- Greiddar eru 4 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja heila vinnustund í dagvinnu og hlutfallslega fyrir þann hluta vinnutíma sem er skemmri en ein klukkustund.
- Greiddar eru 12 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja heila vinnustund í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir þann hluta vinnutíma sem er skemmri en ein klukkustund.

Ofangreint gildir frá 1. júní 2015 þar til nýr kjarasamningur SNS og SGS tekur gildi árið 2019 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

Samkomulag er um að gerðar verði þær breytingar á skriflegum ráðningarsamningum tímavinnufólks þannig að fram komi hvort um er að ræða ráðningu í dagvinnu eða ráðningu í vaktavinnu.

Stjórnsýslusvið Akureyrarbæjar mun í samráði við stjórnendur vaktavinnustaða greina í hvaða tilvikum er verið að ráða starfsfólk í tímavinnu við afleysingar á vaktavinnustöðum og rýna hvort framkvæmdin er í fullu samræmi við gildandi kjarasamning og bregðast við ef finnast dæmi um að misbrestur sé á framkvæmdinni.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort unnt verður að greiða afturvirkar leiðréttingar við útborgun 1. desember 2018, en ef það næst ekki vegna umfangs vinnu við leiðréttingar munu þær koma til greiðslu í útborgun 28. desember 2018.

Akureyri, 30. október 2018

f.h. Einingar – löjlu


Björn Snæbjörnsson
formaður Einingar-löjlu

f.h. Akureyrarbæjar


Halla Margrét Tryggvadóttir
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs